

**Alþingi**  
**Erindi nr. P 143/811**  
**komudagur 9.1.2014**

Alþingi  
Nefndarsvið  
Austurstræti 8-12,  
150 Reykjavík

Reykjavík 9. janúar 2014

**Efni: umsögn um tillögu til þingsályktunar um byggingu nýs Landspítala , 10. mál.**

Öryrkjabandalag Íslands (ÖBÍ) þakkar fyrir að fá að veita umsögn er varðar byggingu nýs Landspítala.

ÖBÍ fagnar þingsályktunartillögunni og lýsir yfir ánægju sinni með hana. Nýr Landspítali myndi bæta aðstöðu og öryggi sjúklinga og starfsmanna hans.

Það er mjög brýnt að koma málum Landspítalans út úr þeirri kyrrstöðu sem ríkir í dag. Heilbrigðisþjónusta á Íslandi hefur verið með því besta sem gerist. Þessari stöðu er nú ógnað og það er ekki ásættanlegt. Sérstaklega ber að nefna atgervisflóttu og nauðsyn endurnýjunar á tækjabúnaði.

Landspítalinn er nauðsynleg burðarás í heilbrigðisþjónustunni og þess vegna þarf að hlúa vel að honum, þar sem fólk fái bestu þjónustu sem völ er á. Öflugur Landspítali með góðri aðstöðu, þarf að hafa góðan tækjabúnað til þess að geta sinnt fólki með lífshættulega sjúkdóma eins og t.d. hjartasjúkdóma og krabbamein. Efling og uppbygging Landspítalans felur í sér að þessi grunnstoð heilbrigðisþjónustunnar verður að styðja við uppbyggingu á annarri heilbrigðisþjónustu, bæði forvarnarstarfi og endurhæfingu. Landspítalinn verður að vera bakhjarl heilsugæslunnar og við heilbrigðisþjónustuna út um allt land.

Öflugur Landspítali verður að stuðla að uppbyggingu á þjónustu út í samfélaginu eins og t.d. geðheilbrigðis þjónustu og endurhæfingu. Öflug samfélags geðheilbrigðis þjónusta og gott samstarf við félagsþjónustu sveitarfélagana er nauðsynleg til þess að veita fólki góða þjónustu.

Fjármögnun nýs Landspítala má ekki verða á kostnað annarrar heilbrigðis eða velferðarþjónustu. Fjármögnun byggingu Landspítalans verður að byggjast á öðrum leiðum.

ÖBÍ leggur áherslu á að í samfélaginu sé rekin öflug og góð velferðarþjónusta þar sem virðing og samráð við sérhverja manneskju sé í fyrirrúmi. Uppbygging nýs Landspítala verður að byggja á þessum forsendum og nýr Landspítali getur stuðlað að aukinni mannhelgi. Þess vegna styður ÖBÍ heilshugar þingsályktunartillögu um byggingu nýs Landspítala.

Virðingarfyllt  
f.h. Öryrkjabandalags Íslands

---

Hannes I. Guðmundsson  
Lögfræðingur ÖBÍ

---

Guðríður Ólafsdóttir  
Félagsmálafulltrúi